

Bréf frá Evrópuforseta Soroptimista

Þótt það sé ekki í tísku nú á tímum, þá játa ég það fúslega að ég er feministi. Þessi hreyfing á rætur sínar í baráttu kvenréttindakvennanna sem hlekkjuðu sig við ljósastaura og brennu hippanna á brjóstahöldum á sjöunda áratug fyrri aldar. Við verðum nú varar við að feminismi sé aðhlátursefni og álitin tímaskekkja. Ungum konum í dag finnst annað hvort að konur hafi náð jafnrétti eða að í þá gömlu góðu daga hafi það bara verið býsna gott að vera húsmóðir. Fyrir mér er feminismi einfaldlega það að kona hafi sömu réttindi og karlmaður, hafði sama rétt til heilsugæslu og menntunar og geti starfað sem ábyrgur og leiðandi þjóðfélagsþegn í sínu samfélagi. Þessi lágmarksréttindi eru ennþá draumaland milljóna kvenna og stúlkna. Við, Soroptimistar, verðum að styrkja konur og stúlkur til að standa á jöfnum grunni í sínu samfélagi og okkur ber að sýna samstöðu með konum allsstaðar í heiminum með því að halda hátíðlegan 8. mars, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Menntun er lykillinn að betra lífi og lestrarkunnátta gerir konum kleift að þekkja og verja réttindi sín og opnar fyrir þeim leiðina til aukins þroska. Til þess að stúlkur geti gengið í skóla verða þær að hafa tíma til þess og jafnframt hafa heilsu til þess. Með því að losa þær undan vatnsburði fá þær aukinn tíma. Aðgengi að hreinu vatni og viðunandi hreinlætisaðstöðu hjálpar til við alla heilsuvernd.

Þess vegna er Alþjóðlegur dagur vatnsins, 22. mars, svo mikilvægur og á að minna okkur á að í dag eru tveir og hálfur milljarður manna án þessarar grundvallarþjónustu. Soroptimistar geta hjálpað með því að styðja hvers kyns vatnsverkefni og verkefni sem snerta hreinlætisaðstöðu. Í flestum samfélögum eru það konurnar sem bera ábyrgð á vatnsöfluninni. Með því að setja upp hagkvæm og sjálfbær vatnsverkefni og kenna konum að stjórna þeim, veitum við konum aukna virðingu í sínu samfélagi. Kvenfrelsi og aðgangur að öruggu vatni og hreinlætisaðstöðu eru hvoru tveggja grundvallarmannréttindi sem SI/E hefur lofað að styrkja. Með þetta í huga, hvet ég ykkur allar til að gerast gamaldags feministar eins og ég: Styðjið konur og rétt þeirra (þið þurfið hvorki að hlekkja ykkur við ljósastaura né brenna brjóstahöld) og berjist fyrir aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu fyrir alla – en sérstaklega fyrir konur og stúlkur. Ef þið þarfnist hvatningar, skoðið þá vefsíðuna www.soroptimistgoforwater.nl eða skoðið SI/E vefinn www.soroptimisteurope.org og kynnið ykkur nýjustu verkefni og viðburðina.

Með vináttukveðjum

Eliane Lagasse, forseti Evrópusamtaka Soroptimista 2009-2011